



Skýrsla sveitarstjóra Sveitarstjórnarfundur -13. júní 2017-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

Gagnaver

Í síðustu viku átti sveitarstjóri fund með fulltrúum frá Borealis Data Center. BDC er á höttunum eftir hentugri staðsetningu fyrir gagnaver þar sem nægt landrými og gott aðgengi að raforku skipta máli. Stefnt er að því að fulltrúar frá BDC komi á svæðið í sumar til að skoða aðstæður.

Ljósleiðari

Á fimmtudaginn næsta verða opnuð tilboð í ljósleiðara í eigu Blönduósbæjar.

Prjónaráðstefna

Um helgina var haldin Prjónaráðstefna á vegum Textílsetursins. Hátíðin heppnaðist vel, tæplega 70 manns sem skráðu sig. Öll aðstaða á Blönduósi er til fyrirmyndar. Haldin var prjónagjörningur í Fagrahvammi sem vakti mikla lukku. Mörg námskeið og fyrirlestrar voru um helgina. Ljóst er að Prjónaráðstefna er komin til að vera.

Ráðstefna um stöðu Norðurlands vestra

Sveitarstjóri var með framsögu á ráðstefnu sem KS hélt um stöðu Norðurlands vestra. Erindið var Staða sveitarstjórnarstigsins á NV. Í lok framsöguenda var aðilum skipað í hópa til að móta stefnu og aðgerðir til að bæta stöðu NV. Sveitarstjóri stýrði hóp um sveitarstjórnarstigið og var rauði þráðurinn að



sveitarstjórnarstigið þarf að styrkjast og nauðsynlegt sé að sameina sveitarfélög en ekki nægjanlegt til að styrkja stöðuna endanlega.

Auglýst staða ferðamálafulltrúa

Ferðamálafélag Austur-Húnavatnssýslu réð á dögum hana Þórdísi Rúnarsdóttir. Hún er með BA í ferðamálafræði frá Hólum og diplóma í viðburðarstjórnun. 6 umsækjendur sóttu stöðuna og var Þórdís valin úr þeim hópi. Hún hóf störf þann 1. júní sl. Upplýsingamiðstöðin hefur verið opnuð í húsnæði Bókasafnsins á Blönduósi. Upplýsingamiðstöðin er samstarfsverkefni Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Skagabyggðar.

Framkvæmdir

- Ærslabelgurinn hefur verið settur upp
- Hraðhleðslustöðin hefur verið sett upp
- Stefnt er að því að mála götur Blönduósbæjar á næstu dögum